

# STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1970

---

24. nóvember 1970.

695

Nr. 259.

## AUGLÝSING

### um hámarkshraða ökutækja í Kópaskerskaupþúni.

Hámarkshraði ökutækja í Kópaskerskaupþúni skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1970.*

Auður Auðuns.

*Ólafur W. Stefánsson.*

24. nóvember 1970.

Nr. 260.

## REGLUR

### um auðkenni blindra.

#### 1. gr.

Heimilt er blindum og mjög sjóndöprum mönnum að auðkenna sig í umferð með því að bera borða um vinstri handlegg fyrir ofan olnboga. Borðinn skal vera a. m. k. 8 cm breiður, gulur að lit með þremur svörtum deplum, er mynda þríhyrning.

Blindum mönnum er og heimilt að auðkenna sig með því að bera göngu- eða þreifistaf með hvítu endurskini.

#### 2. gr.

Skylt er að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera framangreind merki blindra.

Blindur maður eða sjóndapur skal rétta fram hægri hönd eða slá niður staf sínum, ef hann æskir aðstoðar vegfarenda og er þá skylt að aðstoða hann.

Blindur maður eða sjóndapur, sem óskar að komast yfir götu, gefur það til kynna með því að rétta fram höndina eða stafinn og er þá öikumönnum skylt að taka tillit til hans og nema staðar, ef nauðsynlegt er.

#### 3. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem um ræðir í 1. gr., að bera merki blindra.